# Fyrsta hjálp við flogi

## Upplýsingarit fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra



# Fyrsta hjálp við flogi

- **Verið róleg**, barnið finnur ekki til í kastinu og það hættir að sjálfu sér eftir 1-3 mínútur
- **Komdu í veg fyrir meiðsli á höfði**, leggið t.d. eitthvað mjúkt undir höfuðið
- **Fjarlægið** hluti í umhverfi sem barnið getur meitt sig á
- **Ekki reyna að hindra hreyfingar barns** í flogi. Það stöðvar ekki flogið
- **Ekki setja neitt í munn** barns í flogi. Það getur skaðað tennur.

Þegar flogið er búið leggið barnið í hliðarstöðu og verið hjá því þar til fullri meðvitund er náð




# Hringið á 112, ef

- þetta er fyrsta eða annað flog
- flogið varir lengur en 3-5 mín
- flogið endurtekur sig
- barnið fær flog í vatni
- barnið hefur meitt sig
- þú ert óörugg/ur

## Staðreyndir um flogaveiki

- Flogaveiki orsakast af breytingum á rafboðum í heila
- Flogaveiki er taugasjúkdómur sem einkennist af endurteknum flogum
- Einkenni floga geta verið mismunandi, allt frá því að vera örstuttar störur í það að vera stór flog með vöðvakippum og skerðingu á meðvitund
- Á Íslandi greinast um 50 börn á ári með flogaveiki.
  Flest börn svara meðferð vel.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, KVENNA- OG BARNASVIÐ, MARS 2018

TEKIÐ SAMAN AF:
GUÐRÚN EYGLÓ GUÐMUNDSDÓTTIR OG SÓLRÚNU W. KAMBAN,
HJÚKRÚNARFRÆÐINGUM

YFIRFARIÐ AF:
TAUGATEYMI BARNASPÍTALA HRINGSINS, JANÚAR, 2018

ÁBYRGÐ:
YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR BARNASPÍTALA HRINGSINS

MYNDIR:
RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR KAMBAN

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD LSH